

Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Hver leikskóli gefur út sína eigin skólanámskrá sem byggir á *Aðalnámskrá leikskóla* og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Aðalnámskrá leikskóla byggir á *Lögum um leikskóla nr. 90/2008*. Aðalnámskráin er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfsins.

Aðalnámskráin er helsta stjórnþæki fræðsluyfirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu.

Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar.

Skólanámskráin tekur mið af sérstöðu leikskólans og skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Skólanámskráin er lifandi plagg sem er í stanslausri endurskoðun eftir því sem starfssemin þróast.

Á hverju hausti er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans. Tengsl milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans.

Skólanámskráin er prentuð út í þremur eintökum eitt fyrir hvora deild og eitt eintak fyrir fræðsluskrifstofu. Einnig er skólanámskráin aðgengileg á heimasíðu leikskólans.